



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



AMADEUS AMADEUS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Heildarlengd kvikmynda: 2 klst. og 40 mínútur.

Hlé verður gert um kl. 21.10.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



BIÓTÓNLEIKAR Í ELDBORG

AMADEUS

**Miloš Forman/
Peter Shaffer**
Amadeus

**Sinfóníuhljómsveit
Íslands**

Ludwig Wicki
hljómsveitarstjóri

Mei Yi Foo
einleikari

**Mótettukór
Hallgrímskirkju**

Hörður Áskelsson
kórstjóri

Wolfgang Amadeus Mozart
Don Giovanni, K. 527, forleikur
Allegro con brio úr Sinfóníu nr. 25 í g-moll, K. 183

Antonio Salieri
Aspasia, aría úr óperunni Axur

Giovanni Battista Pergolesi
úr Stabat mater: Largo & Presto Assai

Höfundur ókunnur
Bubak og Hungaricus, sígaunalag frá fyrri hluta 18. aldar

Wolfgang Amadeus Mozart
Adagio & Finale úr serenöðu fyrir blásara í B-dúr, K. 361
Brottnámið úr kvennabúrinu K. 384:

Aría Konstönsu (Martern aller Arten)
Kórar janissara úr 3. þætti (nr. 5 og 21)

Kyrie úr messu í c-moll, K. 427

Andantino úr konsert fyrir flautu og hörpu, K. 299

Allegro moderato úr sinfóníu nr. 29 í A-dúr, K. 201

Rondo úr konsert fyrir tvö píanó, K. 365

Allegro maestoso úr Symphonie Concertante, K. 364

Kyrie úr messu í c-moll, K. 427

Allegro úr píanókonsert nr. 15 í B-dúr, K. 450

Ich möchte wohl der Kaiser sein, K. 539

Brúðkaup Fígarós, K. 492, 4. þáttur: Contessa, perdona

Allegro úr píanókonsert nr. 22 í Es-dúr, K. 482

Brúðkaup Fígarós, K. 492, mars úr 4. þætti

Antonio Salieri
Finale úr óperunni Axur

Wolfgang Amadeus Mozart
Finale úr Don Giovanni, K. 527
Allegro úr píanókonsert nr. 20 í d-moll, K. 466
Sálumessa, K. 626

Introitus
Dies irae
Rex tremendae

Töfraflautan, K. 620

Der Hölle Rache (Aría næturrottningarinnar)
Ein Mädchen oder Weibchen
2. þáttur, lokaatriði

Sex þýskir dansar, K. 509, nr. 1

Sálumessa, K. 626

Confutatis
Lacrimosa

Adagio úr píanókonsert nr. 20 í d-moll, K. 466



LUDWIG WICKI

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Ludwig Wicki er hljómveitarstjóri, tónskáld og básúnuleikari. Hann hóf feril sinn í Sinfóníuhljómveit Luzern og kenndi við tónlistarháskóla borgarinnar um skeið. Hann sérhæfir sig í flutningi tónlistar við kvikmyndir og hefur m.a. stjórnað *The Lord of the Rings* og *Amadeus* víða um heim, m.a. í München, Washington og í Radio City Music Hall í New York, alls staðar við frábærar undirtektir. Annars stjórnar hann tónlist af ýmsum toga, allt frá endurreisnartónlist til verka frá 21. öld, og er auk þess dósent í hljómveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Bern.



MEI YI FOO

EINLEIKARI

Malasíski píanóleikarinn Mei Yi Foo hóf tónlistarnám í heimalandi sínu fjögurra ára gömul. Hún hélt áfram námi í Bretlandi, m.a. við Royal College of Music og Royal Academy of Music. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir tónleika sína og hljóðritanir, og hlaut m.a. BBC Music-verðlaunin fyrir fyrsta geisladisk sinn, *Musical Toys*, þar sem hún leikur verk eftir Sofíu Gubaidulinu, Unsuk Chin og György Ligeti. Hún hefur komið fram m.a. í Royal Festival Hall og Wigmore Hall í Lundúnum, í Finlandia-salnum í Helsinki og með Kammerhljómveitinni í Zürich. Á nýjustu plötu sinni leikur hún m.a. verk eftir Shostakovitsj og Alban Berg og hefur hún hlotið afar góðar viðtökur.

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur lengi verið meðal fremstu kóra Íslands. Á verkefnalista kórsins má finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Mótettukórinn hefur farið í margar tónleikaferðir og sungið í helstu dómkirkjum Evrópu, auk þess sem hann hefur tekið þátt í tónlistarhátíðum á borð við Listahátíðina í Bergen og Wiener Festwochen.

Meðal stórverka sem Mótettukórinn hefur flutt á síðustu árum má nefna *Matteusarpassiú*, *Jóhannesarpassiú*, *Jólaóratóríu* og H-moll messu J.S. Bachs, sálumessur eftir Mozart, Duruflé og Fauré, óratóríurnar *Elía* og *Paulus* eftir Mendelssohn, *Vesper* eftir Rakhmanínov, Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin og *Þýska sálumessu* eftir Johannes Brahms. Mótettukórinn hefur sungið inn á marga geisladiska og hefur fengið mikið lof erlendra gagnrýnenda. Kórinn mun einnig koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands 1. júní næstkomandi en þá verður flutt sínfónía nr. 2 (*Upprisusinfónían*) eftir Gustav Mahler.



HÖRÐUR ÁSKELSSON

KÓRSTJÓRI

Hördur Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá árinu 1982 og hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar. Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt flest helstu verk kórbókmenntanna auk þess sem hann hefur stjórnað frumflutningi margra íslenskra tónverka. Hördur hefur hlotið margsháttar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þ.á m. Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2002, Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006.

Hördur hefur með kórum sínum margoft starfað með Sinfóníuhljómsveit Íslands, síðast í frumflutningi á *Eddu II* eftir Jón Leifs í síðasta mánuði.



PETER SHAFFER/ MILOŠ FORMAN

AMADEUS

Kvikmyndin *Amadeus*, sem byggð er á samnefndu leikriti Peters Shaffer, fór sigurför um heiminn þegar hún kom út árið 1984 og hlaut alls átta Óskarsverðlaun, meðal annars fyrir bestu mynd, besta leikara í aðalhlutverki, leikstjóra og handrit. Í myndinni er tónlist Mozarts í forgrunni en önnur aðalpersóna er hirðtónskáldið Antonio Salieri og glíma hans við æðri máttarvöld, sem hann hefur heitið fullum tryggðum í skiptum fyrir snilligáfu á sviði tónlistar. Salieri tekur sárt að horfa upp á ótvíræða yfirburði hins trúðslega og klúra Mozarts, og honum þykir Guð hafa svikið sig með því að útdeila snilligáfunni með slíkum hætti.

Handritshöfundurinn Shaffer tekur sér víða skáldaleyfi, sem eðlilegt er. Í heildina má segja að meginumgjörð leikrits og kvikmyndar byggji á sagnfræðilegum heimildum, en nokkur burðaratriði í atburðarásinni eru skáldskapur. Kvikmyndin hefst á því að Salieri reynir að binda enda á líf sitt og játar að hann hafi verið valdur að dauða Mozarts. Engar líkur eru á að Salieri hafi átt nokkurn þátt í dauða Mozarts, en sögusagnir um að ekki hafi allt verið með felldu komust þó á kreik strax eftir lát hins síðarnefnda. Um 1820 var farið að nefna hinn aldna Salieri í þessu sambandi og var sá orðrómur á hvers manns vörum í Vínarborg og víðar.

Til að gefa Salieri aukið vægi í myndinni hefur öðrum lykilpersónum úr sögu Mozarts síðasta árið sem hann lifði verið skeytt saman við persónu Salieris. Það var ekki Salieri sem pantaði sálumessu frá Mozart, heldur greifi nokkur að nafni Walsegg sem hugðist láta flytja verkið undir eigin nafni til minningar um eiginkonu sína sem var nýlátin. Salieri hjálpaði heldur ekki Mozart að semja sálumessuna á dánarbeði, heldur var það Franz Xavier Süssmayr, nemandi Mozarts, sem lauk við hana að honum látnum. Engar beinar heimildir eru heldur til um meinta óvild Salieris, sem meðal annars stjórnaði flutningi á nokkrum verkum Mozarts skömmu fyrir andlát hans. Þó var ákveðin togstreita til staðar milli ítalskra og þýskra tónlistarmanna við hirðina í Vínarborg og það átti Mozart stundum erfitt með að sætta sig við.

MILOŠ FORMAN Á ÍSLANDI

Leikstjóri Amadeus, hinn tékkneski Miloš Forman, lést í Bandaríkjunum hinn 13. apríl síðastliðinn. Hann hlaut tvenn Óskarsverðlaun um ævina, fyrir myndirnar Amadeus og Gaukshreiðrið, og kom einu sinni til Íslands, sem heiðursgestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík (RIFF) haustið 2009.



AMADEUS Á ÍSLANDI

Leikritið *Amadeus* var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í janúar 1982; í aðahlutverkum voru Sigurður Sigurjónsson (Mozart) og Róbert Arnfinnsson (Salieri) og hlaut sýningin einróma lof. Verkið var aftur sett á svið í Borgarleikhúsinu 2006 og fór Víðir Guðmundsson þá með hlutverk Mozarts en Hilmir Snær Guðnason lék Salieri. Kvikmynd Milošar Forman var frumsýnd í Háskólabíói haustið 1985 og naut mikilla vinsælda; alls sáu um 30.000 manns myndina fyrstu þrjár vikurnar sem hún var sýnd.

Þrátt fyrir þetta dregur *Amadeus* oft upp raunsæja mynd af Mozart sjálfum og tónlistargáfum hans. Handrit hans eru, eins og Salieri nefnir, yfirleitt laus við breytingar og leiðréttingar af þeim toga sem oftast má finna hjá öðrum tónskáldum. Þótt persóna Mozarts í myndinni kunni að vera nokkuð ýkt er hún kannski ekki fjarri lagi. Bréf Mozarts til frænku sinnar, Maríu Önnu, sanna að Mozart hafði óvenju klúra kímniágu og hafði yndi af orðaleikjum. Það liggur í hlutarins edli að þegar kvikmynd er byggð á ævi listamanns þarf ýmsu að breyta og annað þarf að fella burt. Mestu máli skiptir að myndin hefur kynnt Mozart og tónlist hans fyrir milljónum kvikmyndagesta um allan heim og vakið með þeim aðdáun á hinni stórfenglegu list tónskáldsins.

Árni Heimir Ingólfsson

KREDITLISTI

**SAUL ZAENTZ-FÉLAGIÐ KYNNIR
KVIKMYND EFTIR MILOŠ FORMAN**

AMADEUS

HELSTU LEIKARAR

F. MURRAY ABRAHAM
TOM HULCE
ELIZABETH BERRIDGE
SIMON CALLOW
ROY DOTRICE
CHRISTINE EBERSOLE
JEFFREY JONES
CHARLES KAY

STJÓRN KVIKMYNDATÖKU

MIROSLAV ONDRICEK

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG UMSJÓNARMADUR TÓNLISTAR

NEVILLE MARRINER

LISTRÆNN STJÓRNANDI

PATRIZIA VON BRANDENSTEIN

DANSHÖFUNDUR

TWYLA THARP

HANDRIT EFTIR EIGIN LEIKRITI

PETER SHAFFER

FRAMLEIÐANDI

SAUL ZAENTZ

LEIKSTJÓRI

MILOŠ FORMAN

avex classics
international

FILM
WITH
LIVE ORCHESTRA



MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

26. OG 27. APRÍL 2018

SÓPRAN

Agnes Andrésdóttir
Alexandra Kjeld
Anna Samúelsdóttir
Anna Lotta Michaelsdóttir
Auður Perla Svansdóttir
Ása Björg Guðlaugsdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Jarþrúður Karlsdóttir
Larissa Weidler
Sarka Wohlmuthová
Soffía Dóra Jóhannsdóttir
Þorgerður María Þorbjarnardóttir

ALT

Björg Sigurðardóttir
Bryndís Bergþórsdóttir
Guðrún Finnbjarnardóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Herdís Hergeirsdóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Laufey Jakobsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Valgerður Ólafsdóttir

TENÓR

Andrés Narfi Andrésson
Gunnar Thor Örnólfsson
Gylfi Gudjohnsen
Hafsteinn Már Einarsson
Hannes Kristinn Árnason
Hjálmar Benónýsson
Ingibjartur Jónsson
Karl Hjaltason
Páll Sólmundur Eydal
Sigurjón Sigurjónsson
Simon Dalzell
Stefán Ólafsson
Sævar Örn Einarsson
Þórhallur Vilhjálmsson

BASSI

Ari Puntin
Ástbjörn Haraldsson
Eðvarð Ingólfsson
Egill Pétursson
Einar Örn Einarsson
Eric Heinen
Gísli Magnússon
Guðlaugur Vignir Stefánsson
Gunnar Örn Gunnarsson
Hrólfur Gestsson
Marcin Jan Cieslinski
Martin Kollmar
Snorri Sigurðsson
Þorleifur Örn Gunnarsson
Þórir Andri Karlsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

26. OG 27. APRÍL 2018

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Mark Reedman

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell

VÍOLA

Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Vigdís Másdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir

ÓBÓ

Daniel Bogorad
Eydís Franzdóttir

KLARÍNETT

Einar Jóhannesson
Helga Björg Arnardóttir
Grímur Helgason
Baldvin Tryggvason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

HARPA

Katie Buckley

CELESTA/ORGEL

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Maarja Nuut

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Verið velkomin á Reykjavík Konsúlat hótél

Í upphafi síðustu aldar setti Ditlev Thomsen, konsúll, kaupmaður og ferðamálafrumkvöðull, sterkan svip á miðbæ Reykjavíkur með atorku sinni og umsvifum fjölskyldufyrirtækisins. Gestrisni hans, framsýni og alþjóðleg hugsun var annáluð.

Í anda konsúlsins bjóðum við nú gesti velkomna á nýja og glæsilega Reykjavík Konsúlat hótelið sem er í Hafnarstræti á sama stað og Thomsens Magasín stóð fyrrum. Á hótelinu eru 50 glæsileg herbergi og svítur þar sem gestir hafa aðgang að baðhúsi og líkamsræktaraðstöðu. Einnig er þar veitingastaðurinn **Gott Reykjavík** sem býður upp á heilnæma og gómsæta rétti frá morgni til kvölds.

Reykjavík Konsúlat hótél er hluti af **Curio Collection by Hilton**, alþjóðlegri keðju einstakra hótela með sögulega skírskotun. Við hlökkum til að vera partur af nýrri ásýnd miðbæjarins.



Hafnarstræti 17-19 | 101 Reykjavík | +354 514 6800 | reykjavikkonsulathotel.is





Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttur, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjöldamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is